



Leiðbeiningar um aðgangsupplýsingar og kosningu


I. Skráning á fund og aðgangsupplýsingar

Hluthafar geta nálgast aðgangsupplýsingarnar sínar fyrir rafræna þátttöku á fundinum með því að fylgja þessum leiðbeiningum:

- Heimsækið <https://smartagm.com> og smellið á merki Arion banka.
- Skráningarsíða opnast, þar skrá hluthafar inn nauðsynlegar upplýsingar í viðeigandi reiti, setja inn mynd af gildum skilríkjum og hlaða upp afriti af umboði ef við á.
- Mikilvægt er að hluthafar skrái rétt **netfang** og **farsímanúmer** með viðeigandi **landsnúmeri**, öðrum kosti er ekki hægt að tryggja að aðgangsupplýsingar skili sér á réttan stað eða skili sér á annað borð.
- Þegar skráningu er lokið fá hluthafar sjálfkrafa tölvupóst á uppgið netfang til staðfestingar um að beiðni um rafræna þátttöku á fundinum hafi borist.
- Eigi síðar en 24 klukkutímum fyrir fundinn munu hluthafar fá annan tölvupóst sem inniheldur hlekk á Lumi AGM svæðið sem fundurinn verður haldinn á ásamt notendanafni. Lykilorð verður sent með smáskilaboði á það farsímanúmer sem hluthafi gaf upp við skráningu.

II. Kosning með Lumi AGM

Að kjósa um tillögur og önnur mál sem lögð eru fyrir hluthafafund er auðvelt og aðgengilegt með því að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

- Klukkutíma fyrir fundinn opnar fyrir innskráningu á fundinn, hlekkur á Lumi AGM vefsvæðið fylgdi í seinni tölvupóstinum.
 - Opnað verður fyrir kosningu utan hluthafafundar allt að 24 tímum, þó eigi síðar en 8 tímum fyrir fund og lokar 2 tímum fyrir fund.
- Smelltu á hlekkinn á fundinn sem berst með tölvupósti. Þó er einnig hægt að stimpla inn fundarkóðann, sem einnig berst með tölvupósti, í „meeting ID“ reitinn.
- Fylltu út viðeigandi reiti með þínu notendanafni (e. *Username*) og lykilorði (e. *Password*), í samræmi við kafla I. hér að ofan.
- Listi með öllum tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum má finna með því að ýta/smella á .
- Ýttu/smelltu á viðeigandi valmöguleika við hverja og eina tillögu eftir því hvernig þú vilt kjósa.
 - Þegar valmöguleiki hefur verið valinn birtast staðfestingarskilaboð.
 - Ýttu/smelltu á annan valmöguleika til að skipta um skoðun, sá valmöguleiki sem síðast er valinn gildir.
- Ýttu/smelltu á “Cancel” til að hætta við.

III. Myndbönd með leiðbeiningum frá Lumi

Lumi hefur útbúið leiðbeiningarmyndbönd á ensku fyrir notkun í [tölvu](#) annars vegar og [snjalltæki](#) hins vegar.